

Yfirlýsing frá Heiðari Guðjónssyni vegna umfjöllunar DV:

Undanfarna daga hefur því verið haldið fram í DV að undirritaður hafi skipulagt árás á íslensku krónuna árið 2007 ásamt alþjóðlegum vogunarsjóðum. Þessar ásakanir byggja á langsóttum rangtúlkunum DV á tölvupóstum undirritaðs. Í ljósi þess að DV heldur uppteknum hætti í umfjöllun sinni finnur undirritaður sig knúinn að senda yfirlýsingu um málið til fjölmiðla.

Undirritaður, eða Novator, tók aldrei skortstöðu í íslensku krónunni, né höfðu hag af falli hennar. Undirritaður hefur aldrei stjórnað eða skipulagt árás á íslensku krónuna eins og fullyrt hefur verið í DV. Þvert á móti hafði undirritaður áhyggjur af stöðu krónunar og íslenska hagkerfisins allt frá árinu 2005 og fram að hruni og reyndi með ýmsu móti að benda á veikleika kerfisins og vara við mögulegu hruni markaðarins.

Eftir fall íslensku bankanna er íslenska bankakerfið orðið eitt hið best rannsakaða í heiminum þar sem t.d. Rannsóknarnefnd Alþingis og sérfræðingar höfðu fullan aðgang að öllum viðskiptum með krónur. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er sérstaklega fjallað um krónuna og viðskipti með hana. Þar kemur ekkert fram sem styður alrangar fullyrðingar DV um undirritaðan.

Í rannsóknarskýrslunni kemur til að mynda fram að Landsbankinn var langstærsti kaupandi af krónum á árunum sem til umfjöllunar voru, og keypti fyrir um 2200 milljarða króna, eða sem samsvarar 150% af vergri landsframleiðslu. Novator átti einnig á tímabilinu miklar eignir á Íslandi sem fjármagnaðar voru erlendis.

Undirritaður og Novator töpuðu miklum fjármunum á falli krónunnar. Enda voru hvorki undirritaður né Novator á nokkrum tíma með skortstöðu gegn krónunni.

Undirritaður varaði hins vegar ítrekað við óumflýjanlegri lækkun krónunnar, frá hausti 2005, og reyndi að takmarka tjón sitt og Novator af þessu með ýmsum hætti:

+ Á fundum haustið 2005 með bankastjóra Landsbankans varaði undirritaður við hættunni af því að alþjóðlegir lánamarkaðir myndu lokast með tilheyrandi áföllum á gjaldeyrismarkaði.

+ Undirritaður setti árið 2006 saman hagfræðihluta minnisblaðs, dagsett 17. janúar 2006 sem var sent á menn í bankaráði Landsbankans og sýndi hversu brothætt kerfið væri. Minnisblaðið fjallaði um áhættustýringu Landsbankans og hvernig mætti undirbúa bankann fyrir

lokun lánamarkaða, gengisfall krónu og lækkun hlutabréfaverðs. Sem einn stærsti eigandi íslenskra eigna gat Novator eða undirritaður aldrei hagnast á lækkun íslenska markaðarins heldur einungis reynt að undirbúa sig og draga úr áfalli af mögulegri leiðréttingu. Novator hafði hins vegar mikla hagsmuni af því að standa vörð um íslenska hagkerfið og tryggja að það byggði á styrkum stöðum.

+ Undirritaður hitti reglulega alþjóðlegra fjárfesta og skiptist á skoðunum við þá. Það var ljóst að ef einhver slíkur aðili myndi ákveða að ráðast gegn íslensku krónunni, hafði hann það í hendi sér. Það skipti því miklu að skilja áætlanir þessara fjárfesta. Á fundum með Soros Fund Management og Caxton sem vísað er til í DV var ekki lagt til að ráðast gegn krónunni heldur þvert á móti lagt til að þeir keyptu íslensk hlutabréf Straums, og kynning á fyrirtækinu.

+ Undirritaður tók virkan þátt í opinberri umræðu um íslenska hagkerfið á árunum 2006-2008 þar sem undirritaður varaði margoft við óumflýjanlegri gengisleiðréttingu krónunnar.

+ Í janúar 2006, á opnum fundi sem Arnór Sighvatsson, þáverandi aðalhogfræðingur Seðlabankans stýrði, sagði undirritaður að krónumarkaður væri á sama stað og hlutabréf í netbólunni í febrúar 2000, mánuði fyrir þá miklu leiðréttingu sem varð.

+ Undirritaður greiddi fyrir komu Nouriel Roubini til landsins haustið 2006, þar sem hann hitti Seðlabankastjóra, hogfræðinga Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins og hann varaði við miklum alþjóðlegum áföllum, sem myndu hafa neikvæð áhrif á Ísland og undirritaður sagði á þessum fundum að efla þyrfti gjaldeyrisforðann og huga að upptöku nýrrar myntar.

+ Sumarið 2007 bauð undirritaður sérfræðingi AGS, Manuel Hinds, til landsins, sem sagði að skuldir landsins væru of miklar og fall krónunnar myndi auka þær frekar. Efni fundarins var dreift á Alþingismenn. Manuel Hinds lagði til einhliða upptöku nýrrar myntar og ef farið hefði verið að ráðum hans væri skuldastaða fyrirtækja og heimila allt önnur en hún er í dag.

+ Í myndinni Draumalandið færði undirritaður ítarleg rök fyrir því að íslenska hagkerfið myndi ganga í gegnum gríðarlega erfitt samdráttarskeið, en viðtalið er óstytt í ítarefni DVD útgáfunnar. Viðtalið var tekið árið 2007.

+ Undirritaður kom minnisblöðum um brothætt ástandið og leiðir til úrbóta á marga ráðherra í ríkisstjórn og til starfsmanna Seðlabanka.

+ Undirritaður hafði milligöngu um að Alonzo Perez kom til landsins til að ræða við ráðamenn um reynslu sína en hann dollaravæddi Ecuador.

+ Undirritaður ræddi við John Greenwood, föður Hong Kong dollarsins og bað hann um að segja frá reynslu Hong Kong, sem hann gerði á fyrirlestri á Íslandi 2008.

+ Eftir hrun fékk undirritaður Lee Buchheit til landsins, 12. desember 2008, og hann bauð fram aðstoð sína við samninga um IceSave, en Lee er virtasti lögfræðingur heims á sviði samninga um uppgjör á ríkisskuldum. Lee var síðar ráðinn til að leiða samninganefnd Íslands í IceSave málum.

Af ofangreindu má sjá að undirritaður vann á engan hátt gegn hagsmunum Íslands, heldur þvert á móti, greindi rétt marga þá veikleika sem á endanum ollu hruninu.

Undirritaður tapaði persónulega miklum fjárhæðum á hruninu, líkt og aðrir samstarfsmenn hans hjá Novator.

Það er mjög leitt að DV kjósi að rangtúlka tölvupóstsamskipti undirritaðs og halda fram röngum og meiðandi fullyrðingum þrátt fyrir að undirritaður hafi ítrekað hrakið sömu fullyrðingar í samskiptum við blaðamann dagana áður en fréttin var birt. Tímasetning umfjöllunarinnar er án efa ekki tilviljun þar sem undirritaður á í lokaviðræðum um möguleg kaup á Sjóvá ásamt hópi fjárfesta.

Verði þessar fullyrðingar ekki dregnar tilbaka á undirritaður ekki annars kost en að höfða meiðyrðamál gegn DV til að fá ummælin ómerkt og tjón sitt bætt.

Heiðar Guðjónsson"